

Lög

Nr. 4.
14. júní

um

viðauka við lög nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Við 1. gr. laga nr. 6, 8. febrúar 1917, bætist:

Enn fremur veitist ráðuneyti Íslands heimild til þess að taka eignarnámi til útflutnings íslenskar afurðir hjá kaupmönnum, fjelögum, framleiðendum eða öðrum, gegn fullu endurgjaldi, að frádregnu lögboðnu útflutningsgjaldi. Endurgjald skal ákveða eftir mati þriggja óvilhallra manna; skal einn þeirra kvaddur af landsyfirrjettinum, annar af bæjarfógetanum í Reykjavík og þriðji af stjórnarráðinu. Þeir kjósa sjer oddvita. Matsgerðir þeirra eru fullnaðarmatsgerðir. Eignarnemi þarf ekki að taka hið numda strax í sínar vörslur að matsgerð lokinni, en greiða skal hann eiganda eða umráðamanni hins numda hæfilegan geymslukostnað eftir mati matsmanna. Að öðru leyti fer um framkvæmd eignarnámsins eins og greinir í lögum nr. 61, 14. nóvember 1917, um framkvæmd eignarnáms.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 14. júní 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson